

21.2.2020

Starfslýsing launatölfræðihóps Kjaratölfræðinefndar (LH)

Kjaratölfræðinefnd starfar samkvæmt samkomulagi heildarsamtaka á vinnumarkaði, forsætisráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, Hagstofu Íslands og Ríkissáttasemjara frá 15. maí 2019. Nefndin hefur ákveðið að fela launatölfræðihópi að safna, vinna úr og greina launaupplýsingar til að fyrir liggi áreiðanlegar upplýsingar sem nýtast við undirbúning og eftirfylgni kjarasamninga á hverjum tíma.

Verkefni hópsins er nánar tiltekið:

- Að taka saman upplýsingar um helstu samningalotur á vinnumarkaði – samningsbundnar launahækkningar, gildistíma samninga og samningsforsendur.
- Að taka saman gögn um þróun launa, launadreifingu og launakostnað á vinnumarkaði sem verða flokkuð eftir efni og ástæðum eins og efnið býður upp á. Horft verði m.a. til samningssviða og starfa- og atvinnugreinaflokkunar Hagstofunnar og annarra gagna sem fyrir liggja.
- Að greina launamyndun á almennum og opinberum vinnumarkaði.
- Að varpa ljósi á launaþróun ólíkra hópa s.s. eftir kyni, aldri, bakgrunni og menntun.
- Að lýsa verðlagsbreytingum og þróun kaupmáttar launa og tekna.
- Að fjalla um Umsamdar og mældar breytingar á vinnutíma.
- Að fjalla um samsetningu og stöðu ólíkra hópa á vinnumarkaði og utan hans.

Vinnuhópurinn er skipaður einum fulltrúa frá eftirtöldum aðilum sem aðild eiga að Kjaratölfræðinefnd; stéttarfélögum á almennum vinnumarkaði, stéttarfélögum á opinberum vinnumarkaði, launagreiðendum á almennum vinnumarkaði, launagreiðendum á opinberum vinnumarkaði og fulltrúa Hagstofu Íslands. Fulltrúar skulu kalla inn staðgengil í forföllum. Sérfræðingur Kjaratölfræðinefndar starfar með hópnunum.

Launatölfræðihópur starfar í umboði Kjaratölfræðinefndar og skulu efnistöð og greiningar hópsins ávallt koma til umfjöllunar og samþykktar á vettvangi nefndarinnar. Greinagerðir vinnuhópsins eru unnar fyrir Kjaratölfræðinefnd og verða hluti af skýrslum hennar. Nefndin mun greiða götu þess að hópurinn fái nauðsynleg gögn.

Í hópinn voru tilnefndir eftirtaldir aðilar á fundi Kjaratölfræðinefndar þann 6. janúar 2020:

Benedikt Valsson, hagfræðingur, Samband íslenskra sveitarfélaga, fulltrúi launagreiðenda á opinberum vinnumarkaði

Georg Brynjarsson, hagfræðingur, BHM, fulltrúi stéttarfélaga á opinberum vinnumarkaði

Hannes G. Sigurðsson, hagfræðingur, SA, fulltrúi launagreiðenda á almennum vinnumarkaði

Henný Hinz, hagfræðingur, ASÍ, fulltrúi stéttarfélaga á almennum vinnumarkaði, sem leiðir hópinn

Hrafnhildur Arnkelsdóttir, sviðsstjóri félagsmálasviðs Hagstofu Íslands

Oddur Jakobsson, hagfræðingur, KÍ, fulltrúi stéttarfélaga á opinberum vinnumarkaði